

Einar E. Sæmundsen
=====

DAGBÓKARSKÝRSLA 1933
=====

DAGBÓKARSKÝRSLA

1933

Laugardals- og Geysisför.

Þriðjudaginn 11. júlí.

Lögdum við af stað úr Reykjavík, skógræktarstjórinn ég og Einar sonur minn. Heldum við að Skógarkoti um kveldið og vorum þar nóttina.

Miðvikudagur 12. júlí.

Héldum við frá Skógarkoti og austur að Laugarvatni.

Fimmtudagur 13. júlí.

Ém kyrrt á Laugarvatni. Gekk skógræktarstjórinn á Laugarvatns- og Snorrastabafjall, og með honum Guðmundur kennari Ólafsson og Einar.

Föstudagur 14. júlí.

Héldum frá Laugarvatni og upp að Geysi. Athuguðum þar trjágærð Sigurðar Greipssonar og gáfum vottorð um. Héldum svo til baka út í Laugardal. Varð ég eftir á Hjálmsstöðum, en skógræktarstjórinn hélt áfram út að Laugarvatnsskóla og Einar með honum. En Einar kom aftur og gistum við feðgar á Hjálmsstöðum nóttina.

Laugardagur 15. júlí.

Haldið frá Laugarvatni og út að Skógarkoti. Þar varð ég eftir með sumt af hestunum, en skógræktarstjórinn fór að Valhöll til gistingar. Fór Einar með honum, og kom aftur með hestana og var þeim slept í skóginn.

Sunnudagur 16. júlí.

Um morguninn varð mikil leit að hestunum. Fann Einar fyrst hesta Skógræktarinnar, en mínir sáust hvergi. Leitaði Einar og tveir drengir með honum fram til hádegis, en árangurslæust, fór ég þá sjálfur á Blesa, og rakti fór þeirra austur í skóg, lágu þeir þar og sváfu í skógarrjóðri og létu ekkert á sér bæra. Reið Einar svo í hvelli út í

Valhöll, en ég kom á eftir, og hittumst við allir undir Hallinum. Var svo haldið áfram og farinn gamli vegurinn suður. Komum við til Reykjavíkur um kveldið, skildum hesta skógræktarinnar eftir í Tungu, en komum mínum á haga.

Var ferðinni þar með lokið og hafði hún tekið 6 daga.

Þórsmerkurför.

Þriðjudaginn 18. júlí lét ég sækja hesta mína og járna. Kom þeim svo fyrir í Tungu um nóttina, því að enemma átti að leggja upp daginn eftir.

Miðvikudagur 19. júlí.

Lagði Einar af stað með hesta okkar þrjá, og átti að ná Geldingalæk um kveldið, en hitta mig daginn eftir hjá Hlíðar-enda.

Fimmtudagur 20. júlí

Símaði ég til Árna í Múlakoti um að sækja dót mitt út að Hlíðarenda þá um daginn og ákváðum nánar tímann. Fór ég svo austur með bíl frá B.S.R, og hafði með mér allt dótið. Vorum við fyrr á ferðinni, en gert hafði verið fát fyrir daginn áður, svo að ég þorði ekki annað, en að síma frá Ölfusá að Geldingalæk til þess að herða á Einari af stað. Var svo heldið austur, en bíða varð ég stundarkorn neðan við Hlíðarenda, og komu þeir þangað svo að segja samtímis: Einar að utan en Árni að heiman. Var svo haldið að Múla-koti og gist þar um nóttina.

Föstudagur 21. júlí.

Fylgdi Árni okkur inn í Þórsmörk, og reiddi dót okkar á einum hesti. Var mikið vatn í fljótinu, en eins og fyrft fórst Árna vel að velja það. All mikið var og í Krossá. Þegar að hliðinu kom við Hvanná, þóttumst við sjá, að girðingarmenn mundu vera inni í gili. Skildum við þá Einar eftir með áburðarbestana, og ríðum inn í Hvannárgil. Þar hittum við þá féлага, þar sem Hvannárnar koma saman. Athuguðum við lítilsháttar skörð þau, sem loka þyrfti og

nutum þar kunnuleika Árna. Héldum við svo til tjaldanna í Laugadal, og dvaldi Árni dálitla stund hjá okkur, en hélt svo heimleiðis.

Laugardagur 22. júlí.

Girt í Hvannárgili. Fórum við Sæmundur inn að Einstigi og lokuðum því, svo að ófært er þar upp að sækja á Merkurtunguni. Vissara mun þó að bæta þar við einum staur í vor. Síðari hluta dags fóru þeir Ari, Dolli og Sæmundur út í Hlíð, en við Einar urðum eftir. Sáum við þá, að brotið var undan girðingunni á um 50 metra svæði, norður af hlíðinni í Húsadal. Hafði Fljótið gert þetta í hlaupinu því sem, þá varð fyrir nokkurum dögum, og eftir að girðingarmenn höfðu athugað og endurbætt girðinguna í Húsadal og upp á Vaðlahnjúk.

Sunnudagur 23. júlí.

Héldum að mestu leyti kyrru fyrir, en skruppum þó norður í Hamraskóga. Kom fjöldi fólka um daginn, og gistu hjá okkur í tjöldunum fjórir menn út Reykjavík.

Mánudagur 24. júlí.

Fórum við snemma um morguninn með ferðamönnum inn í Stóra-Enda og yfir í Bása. Athugaði ég þar gróður, einkum þroska nýgræðingsins. Komu þeir félagar utan úr Hlíð, og höfðu svo um samið, að þaðan kæmu menn næsta kvöld til þess að smala með okkur. Síðari hluta dagsins var unnið á Krossáraurum, og lokið við lausagirðinguna þar, en áður höfðu staurarnir verið reknir niður.

Þriðjudagur 25. júlí.

Vorum við allir í Hvannárgili fyrri hl. dagsins og á áfram til kvelds, þeir Ari og Sæmundur, að leggja þar síðustu hönd að. Síðari hl. dagsins var ég með Dolla og Einari í Húsadal til þess að gera við skemdir þar sem áður getur. Urðum við að færa girðinguna til á 100 m kafla: færa hana herra í brekkuna, sem móbergsklöpp er undir, en þarna hafði Fljótið skolað burtu á kafla sauri og aur fast að klapparrótum. Losuðum við af starunum, steyptum 2 hornstaura og rákum aðra niður, en strenginn varð að bíða með þar til að steypa harðnabi. Um kveldið komu þeir Árni í

Múlakoti, Árni á Barkastöðum og Sigurbór í Árkvörn.
Miðvikudagur. 26. júlí.

Var lagt snemma upp og riðið inn Krossáraura, svo langt sem komizt varð með hesta. Voru smalaðar, Múlatungur Gobaland, Básar, eða alt land sunnan Blossár og innan girðingar. Kom þar saman fjöldi fjár, og giskupum við á að safnið, sem rekið var út um hliðið við Hvanná væri um 700 (lömb meðtalin) Þó vissum við um kindur, sem orðið höfðu eftir, því að ekki þarf að hugsa sér að smala land þetta sauðlaust, með ekki fleiri monnum og helmingnum hundlausum.

Fimmtudagur 27. júlí.

Tókum við snemma daginn og riðum inn fyrir Búðarhanar Var Mörkin svo smöluð og rekið út úr girðingunni í Hamraskógum um 500 fjár. Þó urðu kindur eftir og í Hamraskógum slapp 60 kinda hópur inn í Tindfjöll og ekkert viðlit aðná honum. Er mjög erfitt að ráða við Merkurféð, þegar það er rekið aftur til baka úr Húsadal og norður Hamraskóga í öfuga átt, sem venja er að smala því. Fengu menn fullkeypta af þeim eltingum, og voru allir þreyttir er í tjaldstað kom um kveldið. Fóru svo Hlíðarmenn heim til sín um kveldið, en áður var fastmælum bundið, að við yrðum sóttir og dót okkar á laugardag.

Föstudagur 28. júlí.

Fyrri hluta dagsins var lokið við í Húsadal. Síðari hluta dagsins riðum við Ari inn að Rjúpnafellsgili að líta eftir girðingunni, en ég treysti mér ekki til þess að gangalengra inn úr. Taldi ég svo girðingarefni alt, sem á bið okkar varð, og ritaði upp lausu girðingarnar. Á meðan voru hinir að bæta um girðingarspotta með Þröngá og gera ófært af aurunum og upp í Hamraskóga. Einnig hafði Fljótið fallið frá Hamrinum og þurfti þar að setja 50 m lausagirðingu út í Fljótið. Var langt liðið á kveld er öllu þessu var lokið, og þar með einnig lokið viðgerð Þórsmerkurgirðingarinnar. Verður vikið nánar að því verki á öðrum stað, svo og fleiru, er Þórsmörk varðar.

Laugardagur 29. júlí.

Kom Jón í Fljótsdal eldsnemma með hesta undir farangur okkar, en tafði litla stund, því að þurkur var á, og vildi hann flýta sér heim, að hirða um töðuna. Kom okkur það ekki að neinni sök, því að okkur var að fullu borgið, að hlýta forsjá Sæmundar. Fórum við svo að taka saman dótið og binda klyfjar. Vorum við lengi að því, og urðum ekki ferðbúnir fyrr en hallaði af nóni. Gekk ferðin vel úteftir, og hefi ég aldrei farið yfir Fljótin, að það hafi legið jafn vel, og var þó mikið í því. Urðu þeir eftir í Fljótsdal, Ari og Dollí með farangur okkar. En við Einar héldum út að Múlakoti og gistum þar um nóttina.

Sunnudagur 30. júlí.

Um kyrt í Múlakoti. Reyndi ég að ná símtali við skógræktarstjórann en tókst ekki. Símaði ég að Geldingalæk, því að þar var kona mín stödd, og hafði áður spurt eftir mér.

Mánudagur 31. júlí.

Símaði ég til Kollabæjar, að láta Sigurbór oddvita Ólafsson vita hvar komið væri um girðinguna. Lét hann vel yfir, og kvað Hlíðarmenn standa við tilboð það, sem þeir höfðu gert um smölun Þórsmerkur og Goðalands næstkomandi haust. Lögðum við svo allir af stað: Ari og Dollí í bíl og tóku dótið með, en við Einar á hestum og héldum að Geldingalæk um kveldið. Þar vorum við svo öll þar um nóttina.

Þriðjudagur 1. ágúst.

Símaði ég til Jens Eyjólfssonar að spyrja um vikurbíl sem von var á austur að Heiði þá um daginn, en með honum ætlaði ég að senda þvergakstösku mína til þess að létta á hestunum. Var mér sagt að bíllinn kæmi um nóttina og færi suður næsta dag, og skildi ég því töskuna eftir. Fórum við svo öll fjölskyldan frá Geldingalæk og fylgdi húsfreyjan okkur fram að Rangárbrú. Þar beið kona mín eftir bílgerð suður, en við Einar héldum áfram vestur um á hestunum.

Riðum við heim að Efri-Hömrum ofan Steinslækjar, en bóndinn þar Magnús Björnsson hafði beðið mig ef ég væri á ferðinni, að líta heim til sín, og athuga hjá honum svæði til trjáræktar.

Svæði það er Magnús hafði hugsað sér, er túnbrekka ofan við bæinn og klapparholt áfast innan túngirðingarinnar. Hálfdeigjugróður er á holtinu, og má því ætla að fræsáning kæmi þar að líði. Í brekkubrúpinni eru klettastallar, og mundi til mikillar þrýði að koma þar upp trjágróðri. Í sjálfri brekkunni er þéttur túngróður, og þyrfti þá að rista þar stærri sneiðar en venja er til. Annars mætti neðst í henni gróðursetja í rásum til þess leitar að verjast grasinu. Yfir höfuð leizt mér vel á stað þennan, og landslagi er svo háttað, að til mikillar þrýði mundi verða, að koma þar upp trjágróðri, t.d. liggur heimreiðin að bænum undir klettastöllum þeim, sem áður getur.

Á meðan við stóðum við á Efri-Hömrum, skelti yfir stórrigningu og rigndi viðstöðulaust á leiðinni út að Þjórsá. Var ég illa verjaður og orðinn votur er þangað kom. Hættum við að fara lengra um kveldið og vorum á Þjótanda um nóttina.

Miðvikudagur 2.ágúst.

Lögðum við af stað frá Þjótanda. Komst ég í bíl að Skeiðavegarnót og sat í honum út að Skála en Einar rak hestana. Beið ég svo Einars við Skálann, sem áði þar litla stund, og hélt svo á hestunum suður. En ég tók mér far með Þjórsárdalsbílnum suður í Reykjavík. Kom Einar með hestana um kveldið og höfðum við þá í Tungu um nóttina.

Þar með var þessari för lokið, og hafði ég verið að heiman 14 daga, en Einar og hestarnir 15 daga.

Þjórsárdalsför.

Miðvikudaginn 9 ágúst var Einar sendur með hesta okkar skógræktarstjórans austur að Tryggvaskála, og átti að bíða okkar þar til næsta dags.

Fimmtudagur 10 ágúst.

Fór ég með skógræktarstjóranum í bíl austur að Ölfusá. Þar tókum við hestana, þjuggum upp á þá og lögðum svo af stað áleiðis upp í Þjórsárdal. Léttum við ekki fyrri en komið var að Ásólfstöðum, og náðum við ekki þangað fyrr en um um miðnætti.

Föstudagur 11. ágúst.

Gengum við að Skriðufelli, til þess að hitta Ólaf Bergsson að máli, og samdist svo um, að Ólafur fylgdi skógræktarstjóra næsta sunnudagsmorgun inn að Sóleyjarhöfða. Fórum aftur að Ásólfstöðum og vorum þar nóttina.

Laugardagur 12. ágúst.

Þennan dag athuguðum við Einar vætanlegt girðingarstæði um Vatnsás og umhverfi. Þótti mér betra að fá heildaryfirlit um svæðið, og ákveða stefnuna í stórum dráttum, áður en byrjað væri að mæla fyrir girðingunni. (Sjá um allt þetta nánar í sérstakri skýrslu.)

Sunnudagur 13. ágúst.

Árla á fótum, því að leggja átti á fjöll. Sótti Einar hestana og fylgdi svo skógræktarstjóranum upp að Skriðufelli. Rigning öðru hvoru og leiðindarveður. Hélt ég kyrru fyrir á Ásólfstöðum, en Einar reið með sonum Páls fram á Ásum, og komu þeir aftur um kveldið.

Mánudagur 14. ágúst.

Fluttum við Einar okkur að Skriðufelli, en rigning var mest allan daginn, og varð okkur því lítið að verki.

Um nóttina kom Ólafur Bergsson og sagði Þjórsá langt yfir ófæra á Sóleyjarhöfða. Hafði skógræktarstjórinn snúið aftur með honum, og haldið áfram að Ásólfstöðum.

Þriðjudagur 15. ágúst.

Bezta veður og þurkfæsa. Tókum við daginn snemma og byrjuðum að mæla álmuna frá Skriðufellstúni og niður að

Sauðá. Höfðum við talsvert fyrir að finna þar sæmilegt girðingarstæði. Héldum við svo yfir Sauðá og niður með henni að áarmótum hennar og Hvammsá, Síðan upp með Hvammsá og að Gvendarrana, nálægt götunni upp að Skriðufelli. En við leiðina upp Gvendarrana vildi ég hafa kunnugan mann með í ráðum, því að margt kemur þar til athugunar. Gekk ég til Ásólfisstaða, en mætti skógræktarstjóranum, og urðum við svo allir samferða upp að Skriðufelli. Gerði ég ekki meira um daginn, því að Jóhann bóndi mæltist til, þurksins vegna, að láta bíða til næsta morguns, að velja með mér girðingarstæði á Gvendarrana.

Miðvikudagur 16. ágúst.

Fór ég árla morguns með Jóhanni og mældum við fyrir girðingunni heim Gvendarrana. Síðan bjuggum við okkur til ferða og fórum alfarnir frá Skriðufelli. Var upphaflega ætlunin að við héldum niður að Þjórsárholti, og þaðan yfir ða Land, til athugunar í Skarfanesi, svo og mæla fyrir girðingu um Merkihol. En þegar að Ásólfisstöðum kom, var skógræktarstjóri fallinn frá því, að ég færi yfir á Land að þessu sinni, heldur yrðum við allir samferða daginn eftir subur á leið. Vórum við svo á Ásólfisstöðum um nóttina.

Fimmtudagur 17. ágúst.

Lögðum viðaf stað frá Ásólfisstöðum, Komum við í Haga og hittum þar bílstjóra, sem ætlaði subur daginn eftir, og sömduðum við hann, að taka með dóttur sem skilið hafði verið eftir á Ásólfisstöðum. Áleiðinni niður Skeiðin, skrapp ég heim að Húsatóftum, og símaði til Þjórsárbrúar og fékk þar gistingu handa okkur um nóttina. Um kveldið fór skógræktarstjórinn yfir að Þjórsártúni en við fedgarnir vórum á Þjórtanda um nóttina, og höfðum þar hestana.

Föstudagur 18. ágúst.

Héldum við frá Þjórsá og út að Merkurlaut. Biðum þar litla stund eftir Þjórsárdalsbílnum sem við ætluðum að komast í skógræktarstjórinn og ég. En bíllinn kom ekki, og héldum við svo áfram. Á Skeggjastöðum komumst við í bíl frá B.S.S. út að Skála. Þar biðum við Einars, sem áði litla stund, en reið svo áfram í versta veðri. Síðar fórum við með Þjórsárdalsbílnum vestur um fjall. Kom Einar um kveldið og skildi hestana eftir í Tungu.

Þar með var ferðinni lokid. Hætti ég svo á...

Eftirbreyta.

Í haust stóð til að farið yrði inn í Þórsmörk. Þessvegna símaði ég, 3/10. til Árna í Múlakoti, til þess betur að ráðgast við hann um þá ferð. Sagði Árni mér, að þá væir í þann veginn verið að leggja af stað inn eftir, til þess að smala í annað sinn, Þórsmörk og Goðaland. Sjálfur bjóst Árni við að skreppa hingað suður í kringum 10. okt., og mæltist til að austurförin biði þar til hann væri kominn aftur heim, enda stæði til að höggva í Þórsmörk, ef tíðin leyfði og vötn minkuðu, og vildi hann feginn að ég gæti verið með sér við skógarhöggið. - Einnig sagði Árni mér þá frá skemdu þeim, sem orðið höfðu á girðingunni, og verður þeirra getið annarstaðar.

Leið nú fram yfir þann 10. okt, en ekki kom Árni í Múlakoti og ekkert fréttist til hans. Þótti mér slæmt hvað ferðin dróst, því að ég hafði enn ekki komið hestum mínum fyrir í vetrarfóður, og ætlaði mér einmitt að gera það í austurförinni því ver kom mér þetta, að nú vóru allar hagsnapir í nágrenni Reykjavíkur uppunar, svo að 13. okt. var ekki um annað að velja en að fá túnbeitt fyrir hestana í Tungu. Þennan sama dag (13/10) símaði ég að Múlakoti. Kvað þá Árni alt óráðið um suðurför sína, en hinsvegar yrði ekkert af skógarhöggi í Þórsmörk á meðan sama rigningartíð héldist og öll vötn í foráttu.

Þótti mér nú vandast málið, hvað hestana snerti: að hafa enn ekki fundið þeim neinn samastað vetrarlangt, og varasamt að draga það lengur að leita fyrir sér, eða að treysta austurförinni, því að hún var meira en Vafasöm úr þessu, og gat eins vel farið út um þúfur. - Frétti ég þá af tilviljun, að Þóðvar á Laugarvatni hefði verið að hugsa um að taka fóðfuhesta, og símaði til hans 18. okt. En hann vildi ekki taka nema einn hest og var mér öng. Þá kom upp í hendur mínar Þórður Auðunnsson á Eyvindarmúla í Fljótshlíð, og samdist svo með okkur, að hann tæki alla hestana.

Fanst mér nú betur, er hestunum var ráðstafað, og beið nú rólegur nokkura daga, ef Árni gerði mér aðvart, því að með hestana ætlaði ég bá að fara, er úr þessari fyrirhuguðu austurför yrði. En þegar ég varð ekki Árna var, símaði ég enn að Múlakoti 23. okt. Þjóst Árni þá eins við, að úr þessu mundi ekkert verða af skógarhöggi í Þórsmörk, því að allir verkfærir menn ynnu nú að nýjum straumbrjótabyggingum við Þverá. Sjálfur sagðist Árni ekki mundi koma suður fyrr en upp úr mánabarmótum. Þar með þóttist ég sjá, að ekkert mundi úr Þórsmörkurför verða þetta haust, og var hætt að hugsa um hana. Næsta dag símaði ég svo til Páls Helgasonar Eyvindarmúla, og tilkynti honum, að hestarnir færu héðan af stað daginn eftir, en hann átti að fara með bíl frá B.S.R. úr Hlíðinni á fimmtudagsmorgun og mæta hestunum í Holtunum. Síðan sótti ég hestana inn í lungu og lét laga undir þeim.

Árfa næsta morgun (miðvikudag 25/10) lagði svo Einar sonur minn af stað með hestana. Talaði ég við hann um kveldið á Þjórsárbrú, og hafði honum farnast vel. Fimmtudagsmorguninu hélt hann svo austur um og komst að Rangá, þar mætti hann bílnum og Páli, sem tók við hestunum, en Einar hélt suður með bílnum um kveldið.

Reykjavík 20. des. 1933.

ÞÓRSMÖRK 1933.

Eins og dagbókarskýrslan ber með sér, var ég í Þórsmörk dagana 21.-29. júlí, og skal nú getið nokkurra athugana minna þar.

Girðingin.

Á meðan ég var í Þórsmörk, var lokið við girðinguna. Má telja að girðingárnar séu tvær: norður og suðurgirðing. Hefst norðurgirðingin upp í Mófelli, liggur svo niður Þröngárgljúfur, (en þar eru víða ógengir hamrar), yfir mynnið á Rjúpnafells-gili og er svo þaðan óslitin girðing niður Svínatungur, yfir Tindfjallagil í tungunni hjá Þröngá, og svo vestur með Þröngá um Hamraskóga, áður lá Markárfljót fast við hamarinn í Hamraskógi, og endaði girðingin þá við Þröngárkjaftinn. En nú hafði fljótið lagst frá hvarinum, og þurfti því að setja þar upp lausagirðingu vestur í fljótið. Endar þar norðurgirðingin, og með henni fyrirbyggt fjárrenslí norðan frá Almenninum ofan í Þórsmörk. - Suðurgirðingin hefst við fljótið hjá Húsadal, og er það samfeld netgirðing yfir dalkjaftinn og því sem næst bein lína upp á hæsta kollinn á Vaðlahjúnúk, en framan í honum er næg vörn nema á örlitlum spotta milli tveggja kletta, sem lokað var með neti. Síðan hefst girðingin aftur við Krossá, heldur áfram upp aurana og yfir Hvammá (sjá lausagirðing nr.6.) og þaðan upp í Réttarfellsrana, og endar þar gamla girðingin, þar opnast Hvannárgljúfur með ófærum hamraveggjum og girðingarspottum í skörðunum. Endar aðalgirðingin við Merkurtunguzana, því þar tekur við ókleift berg alt inn á Einstigi, sem lokað var með netspotta. Er það álit allra, sem til þekkja, að með suðurgirðingunni, eins og henni hefir verið lýst, sé stöðvað alt fjárrenslí neðan úr byggð og inn í Þórsmörk.

Merkurtungur.

Merkurtungur eru vestan við Goðaland, og liggja milli norður- og suður Hvannár, en þær koma saman við Merkurtingurana, og þaðan frá heitir Sín Hvanná. Liggur girðingin yfir norðurkvíslina og við áamótin, og endar við Merkurtinguarana (sjá lausagirðing m.g.) En þaðan inn með syðri kvíslinni að norðanverðu er, eins og áður segir, óslitinn hamraveggur alt inn á Einstigi. Merkurtingur eru ítak frá Stóru-Mörk, en aldrei notað nú orðið, enda er þar sumarbeit fyrir aðeins fáar kindur. Ámeðan fráfarur vóru enn við lýði vóru stundum rekin þangað lömb frá Stóru-Mörk, eða lánað öðrum til uppreksturs. Stóru-Merkurbændur eru fúsir að láta tungur þessar af göndum, en eftir því, sem Árni í Múla-koti sagði mér, fara Merkurbandur fram á, að þeim verði greiddur gamall reikningur fyrir smölun þeirra á Goðalandi, sem þeir munu hafa séð um fyrsta haustið, sem Skógrækt ríkisins lét til sín taka um smölun þar. Verður að telja nauðsynlegt, að halda Merkurbandur vinveitta girðingunni, enda munu þeir sjá sér hagræði í að hún sé sem tryggust vörn, því að vorsmalun þeirra verður hægari og eltingar minni, er þeir þurfa ekki lengra að leita en að girðingunni. Hinsvegar gætu bændur þessir, ef ósáttir væru við Skógrækt ríkisins, fundið upp á því að leigja einhverjum upprekstur á Merkurtingur, en þaðan er hverri sauðkind opin leið up alla Mörk. Virðist því sjálfsagt, að þessi gamli smölunar-reikningur verði greiddur sem fyrst.

Lausagirðingar.

Frá all-mörgum girðingarspottum er þannig gengið, að taka verður þá niður hverju hausti og setja þá aftur upp á vorin. Er það gert vegna vatnavaxta á vetrum og skriðuhlaupa vegna leysinga, sem ónýta mundu girðinguna og grafa net og staura í aur og sand, Vetða þessar lausagirðingar taldar hét á eftir ög áætluð lengd þeirra. Er hvet girðing merkt með sérstökum tölustaf, sem ætlast er til að hún verði jafnan nefnd með, og er til þeirra vitnað sumstæðar í skýrslu þessari. En talið er

ofan frá Mófelli, haldið svo ofaneftir og endað í Hvannárgili. Lausagirðingarnar eru þá í þessari röð:

1. Við Mófell, tveir girðingarspottar,		
	samtals um	50 mtr.
2. Í Þröngárgljúfri, tveir girðingar-		
spottar, til samans		100 -
3. Í Rjúpnafellsgili, til samans		10 -
4. Í Tindfjallagili	---	160 -
5. Í Hamraskógum frá hamtinum út að		
fljóti	til samans um	50 -
6. Á krossáraurum	----	200 -
	<u>í Hvannárgili:</u>	
7. Moldargilið	----	40 -
8. Skriðan	----	40 -
9. Við Merkurtungnarana	----	90 -

Að norðan-verður mun óhætt að taka girðingarspottana (1-5) niður þegar Almenningar hafa verið smalaðir í síðara skiftip, því að þá á ekki að þurfa að óttast, í það sinn, fjárrenslí norðanfrá. En að sunnanverðu, (þ.e. girðingarnar 6-9) fer það að nokkuru leyti eftir veðuráttu, því að ekki má taka girðingarnar þar niður, fyrr en tryggt þykir, að fé renni ekki svo langt inn úr. Að sunnanverðu verður og að setja þessar girðingar aftur niður svo snemma á vori, að fé sé ekki farið að leita til minna inn úr. Hinsvegar þarf ekki að taka að norðanverðu fyrr en rétt áður en að Eyfellingar reka fé sitt á Almenninga. Að taka þessar girðingar niður nú í haust, fól ég þeim Árnar Einarssyni í Múlakoti og Sæmundi Úlfarssyni Fljótskal. Annars tel ég eðlilegast að eftirleiddis sé þetta verk falið Árna í Múlakoti. Og færi þá bezt á því, að greiða fyrir það eftir samkomulagi einhverja ákveðna upphæð árlega. Árni er, eins og kunnugt er skipaður af sýslumanni, gæzlumaður þess hluta skóglendis Þórsmerkur, sem Fljótshlíð et talið.